

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, er lýtur að verzlun með sláturafurðir, og um það, hverjar vörur megi selja í kjötbúðum aðrar en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturafurðum, svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 5000.00 til 100 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum að hætti opinberra mála.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 5 frá 22. febr. 1949, um kjötmát o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í upphafi 2. mgr. 2. gr. laganna komi: matsveinn.

Í stað orðsins „aðstoðarmatreiðslumaður“ í b-lið 2. mgr. 2. gr. komi: aðstoðarmatsveinn.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í c-lið 2. gr. komi: matsveinn.

2. gr.

5. gr. laganna orðist þannig:

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn, matsveinar eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur á skipum yfir 50 rúmlestir. Til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. apríl 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðið „skipstjórapróf“ í 1. gr. laganna komi: próf skipstjóra.

2. gr.

Í stað orðanna „tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf“ í 2. gr. laganna komi: eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

3. gr.

Á eftir orðinu „eðlisfræði“ í 3. gr. komi: rafmagnsfræði. Á eftir orðinu „iþróttir“ komi: einkum sund.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í skólanum skulu vera þessi fullnaðarpróf: Fiskimannapróf 2. stigs, farmannapróf 3. stigs og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, sem verður 5. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til fiskimannaprófs 1. stigs og farmannaprófs 1. stigs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, almenn brot, þriliðureikning, einfaldan prósentureikning, veldi og rót, notkun logaritma.